

Veiðimálastofnunin nóv. 1978
Tumi Tómasson, Borgarnesi.

Athugun á Norðlingafljóti 1-2/8 1978.

Dagana 1-2/8 1978 fór fram á vegum veiðimálastofnunarinnar athugun á neðsta hluta Norðlingafljóts. Tilgangurinn var að kanna hentugleika svæðisins til laxaframleiðslu, en þarna hefur á undanförnum árum verið sleppt smávegins af sumaröldum seiðum í sama tilgangi. Með rafveiðum má ná sýnum af sleppiseiðum og vöxtur seiðanna gefur nokkra vísbendingu um afkomumöguleika þeirra á svæðinu.

Rafveitt var á 5 stöðum, 2 fyrir ofan brúna og 3 fyrir neðan. Ekki fengust nógu góðar upplýsingar um sleppistaði og þar sem laxaseiðin eru fremur staðbundin eru litlar líkur á að seiði veiðist á öðrum stöðum en þar sem þeim hefur verið sleppt. Botngerð og straumlag var athugað, en þetta eru þættir sem ráða hvað mest um afkomumöguleika uppvaxandi laxaseiða þar sem lax á annað borð getur þrífist (hér á landi er það helzt vatnshiti sem takmarkar útbreiðslu laxins). Þá var dýralíf á steinum athugað lauslega.

Árangur rafveiðanna var lítill. Einungis fengust seiði á 2 stöðum. Á neðsta staðnum (niður undir Hrafnagili) fékkst eitt laxaseiði og 3 vorgömul urriðaseiði og skammt fyrir neðan brúna fengust 6 laxaseiði. Vöxtur seiðanna er góður. Þau ná göngustærð eftir 3 vetur í ánni. Til samanburðar má geta þess að ofantil í Norðurá eru seiðin 4 vetur í ánni áður en þau halda til sjávar, en í Grímsá eru flest seiðanna 3 vetur í ánni. Þó má búast við að vöxtur seiða í Norðlingafljóti minnki eitt-hvað ef meira yrði af seiðum. Svæðið eins og það er nú er stórlega vannýtt. Mikið dýralíf var á steinum, einkum lirfur bitmýs í straumharðari hlutunum og lirfur rykmýs á lygnari köflum.

Botngerð og straumlag hentar víðast vel uppvaxandi laxi, sérstaklega fyrir ofan brúna þar sem botninn er grófur, en botninn er helzt til of fínn og skjóllítill neðantil, einkum fyrir stærri seiði. Þó eru sæmilegir kaflar innanum og einnig er víða skjól við bakka. Gæti neðrihlutinn framleitt eitthvað af gönguseiðum einkum ef seiðamagn þar yrði ekki of mikið. Þegar mikið er af seiðum þar sem botninn er fíngerður og skjóllítill standa stærri (eldri) seiði sig illa í samkeppni við smærri (yngri) seiði.

Hrygningarskilyrði virðast vera fremur slæm og gætu valdið því að erfitt yrði að halda viðunandi laxgengd á svæðinu ef eingöngu yrði treyst á náttúrulegt klak. Víðast er nokkuð af fínum sandi innanum önnur botnefni. Þetta gæti valdið miklum afföllum á hrogna- og kviðpokaskeiði náttúrulegs klaks. Slæm hrygningarskilyrði eru sennilegasta skýingin á því hve lítið fékkst af urriðaseiðum. Þó ber að hafa það í huga að lax hrygnir yfirleitt í meiri straum en urriðinn, þannig að laxahrognum yrði betur séð fyrir súrefni en hrognum urriðans.

Ég legg til að fullorðnum laxi verði sleppt í Norðlingafljót. Þannig ætti að fást úr því skorið hvort skilyrði til hrygningar eru fyrir hendi. Best væri þá að fá fullorðinn lax sem í bernsku ólst upp í Norðlingafljóti. Það er þó ósennilegt að þetta sé framkvæmanlegt. Þá má taka lax úr öðrum þverám Hvítár, svo sem Norðurá, Þverá og Grímsá. Vissulega er nokkur hættu á að sá lax sem þaðan kæmi myndi tolla illa í Norðlingafljóti, þó má gera ráð fyrir að ef nógu mörgum þörum yrði sleppt að eitthvað myndi hrygna þar. Til að auka líkurnar á því að fullorðinn lax myndi tolla í Norðlingafljóti ber að sleppa þar einnig sumaröldum seiðum fyrsta árið sem þetta yrði reynt. Ef þessi aðgerð verður reynd og heppnast, en það má finna út með rafveiðum, ætti að halda áfram að sleppa fullorðnum laxi í 4 ár, en þá yrði kominn grundvöllur til að gera laxgengt í Norðlingafljót, og síðan ætti sá lax sem snýr aftur að sjá um sig sjálfur.

Ef lax getur hrygnt með góðum árangri í Norðlingafljóti er þó ekki víst að þar yrði nokkurn tíma grundvöllur fyrir sport- eða netaveiðum í stórum stíl. Það er hugsanlegt að laxinn myndi bíða í Hvítá framan af sumri og ganga síðla sumars upp í Norðlingafljót. Hinsvegar mætti í því tilfelli nýta laxinn með netaveiðum í Hvítá.

Ef lax getur ekki hrygnt í Norðlingafljóti er óþarfi að gera laxgengt þangað. Hinsvegar gæti verið hagkvæmt að sleppa þar startfóöruðum seiðum, þ.e. seiðum sem eru búin að læra að éta, en mestu afföllin á seiðum verða yfirleitt áður en þessu skeiði er náð, og nýta laxinn með netaveiðum í Hvítá.

Lítist mönnum illa á þessar leiðir er helzt að stuðla að ræktun staðbundins urriða á svæðinu með seiðasleppingum.

Ef vel tekst til myndi ræktun lax í Norðlingafljóti hafa í för með sér aukna laxagengd í aðrar þverár Hvítár og einnig myndi netaveiði í neðsta hluta hennar aukast. Með aukinni gengd gönguseiða úr árkerfinu að vori myndi hlutfallsleg dánartala af völdum rándýra sennilega minnka. Þetta kemur til af því að fjöldi rándýra ákvarðast ekki af fjölda gönguseiða þannig að geta þeirra til að tolla gönguseiði minnkar hlutfallslega þegar gönguseiðafjöldi eykst. Netaveiði myndi aukast með aukinni laxagengd, en trúlega myndi þó hlutfallsleg minnkun eiga sér stað ef lögnum yrði ekki fjölgað.

Ræktun lax í Norðlingafljóti er því ekki einkamál veiðiréttar- eigenda í Norðlingafljóti og efri hluta Hvítár. Hér er um að ræða hagsmunamál veiðiréttareigenda á öllu vatnasvæði Hvítár, jafnt þeirra sem selja veiðirétt sinn til sportveiði í þveránum og hinna sem netaveiði stunda. Því væri eðlilegt að þessir aðilar myndu taka þátt í kostnaði sem er samfara ræktun Norðlingafljóts.